

1863. dæminu, þá greiðvikni og láti honum í tæ þá aðstoð við rann-
30. aprílm. sóknir hans, að sem bestur árangur geti orðið af ferð hans¹.

4. maím. **29. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um próf í íslenskri tungu.**

Eftir þegnlegri uppástungu dómsmálastjórnarinnar hefir hans hátign konunginum þóknast, 8. d. febrúarm. þ. á. allra-mildilegast að úrskurða:

að próf það í íslenzku máli, sem þeir menn, er sækja um að verða embættismenn á Íslandi, en ekki eru Íslendingar, eiga að ganga undir samkvæmt allrahæstum úrskurðum 8. aprílm. 1844 og 27. maím. 1857, skuli aukið á þann hátt, að auk hins munnlega prófsins sje einnig haldið skriflegt próf, og að hið munnlega prófið sé haldið í heyranda hljóði, og séu við það tveir prófdómendur, sem einnig taki þátt í að dæma um hið skriflega prófið; skuli það falið dómsmálastjórninni að gjöra þær ráðstafanir, sem þörf er á í þessu efni, eftir að hafa ráðgast um það við kirkju- og kennslustjórnina.

Um leið og konungsúrskurður þessi er hærmeð birtur yður, herra stiptamtmaður, og yður háæruverðugi herra, yður til leiðbeiningar og til þess þér kunngjörð hann með tilliti til þess, að hinn fasti kennari í íslenzku við skólann í Reykjavík getur samkvæmt konungsúrskurði 27. maím. 1857 haldið próf það, sem hér er um rætt, þá skal því við bætt, eftir að búið er að skrifast á um málið við kirkju- og kennslustjórnina, að skriflega prófið á að vera í því fólgið: að snúa úr dönsku á íslenzku grein nokkurri, er sá tiltekur, er prófar, og skulu eigi prófdómendurnir eiga neinn þátt í að taka til greinina, en þeir skulu í hvert skipti, er prófið verður haldið í Reykjavík, kosnir

¹) Sama dag var og amtmönnum í hinum umdæmunum á Íslandi ritað á sama hátt um að sjá um, að Krabbe doktor yrði sýnd greiðvikni og aðstoð í þeirra umdæmunum.

af stiptsyfirvöldunum á Íslandi; skal það falið þeim, er prófar, og prófdómendunum, að ráðstafa öðru því, er prófið snertir.

1863.

4. maím.

30. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um borgun fyrir kláðalyf.

6. maím.

Í bréfi 13. d. f. m. hafið þér, herra stiptamtmaður, skýrt frá, að haustið 1861 hafi verið fyrirskipuð almenn böðun fjárins hvervetna í Kjósar sýslu og í nokkrum hluta Gullbringu sýslu, og hafi lyfsalinn í Reykjavík látið af hendi böðunarlyf þau, sem á þurfti að halda, en hann hafi eigi viljað lána þau, nema amtið ábyrgðist, að þau yrðu borguð þá á næsta hausti. En þaræð enganvegin allir þeir, er lyf höfðu fengið, þó til þess væru kvaddir, komu með borgunina á tilteknum tíma, heimtaði lyfsalinn að þér, herra stiptamtmaður, til bráðabirgða skylduð borga það, er eptir stæði af skuldunum; og með því þér höfðuð mælt til þess við hann, að hann liði menn um borgunina fyrir böðunarlyfin, og veitt honum ádrátt um, að þau mundu verða borguð á þeim tíma, sem að ofan er getið, þá fannst yður þér verða að gjöra svo, sem hann krafðist, á þann hátt, að þér ávísuðuð honum 300 ríkisdali úr jarðabókarsjóðnum, er þér ekki gátuð greitt fè þetta úr jafnaðarsjóðnum. Eptir því, sem þér segið, má nú að vísu við því búast, að mikill hluti af fè þessu muni fást borgað í sumar, sem nú fer í hönd, en þó haldið þér, að nokkrir skuldunautar muni verða þeir, er eigi geti borgað, og þaræð þeim einnig flestum muni veita ervitt að greiða hverjum sinn part af skuldinni, er þeir beri þungar menjar hins síðasta harða vetrar, þá hafið þér skotið til dómsmálastjórnarinnar, hvort henni eigi virðist vera ástæða til, að hið opinbera gefi upp þessa 300 rdl. þannig, að þeir verði borgaðir af þeim 4000 ríkisdöllum, sem árlega eru ætlaðir í fjárlögunum til óvissra gjalda handa Íslandi.

Í þessu efni lætur dómsmálastjórnin yður vita, að ef það hefir eigi þegar gjört verið, ber að tilfæra þá 300 rdl., sem að ofan er um rætt, með þeim gjöldum, sem greidd eru af því